

Fundargerð 9. fundar efnisorðaráðs

Haldinn í Borgarbókasafni 11. mars 2005 kl. 14:15-16, stytt

Fundarmenn Elísabet Halldórsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
 2. **Multites.** Svör við bréfi Guðnýjar til Multites skoðað (sjá fylgiskjal). Fundarmenn munu skoða íslenska sýnisútgáfu kerfisins, verð og fjármögnun. Guðný aflar þeirra upplýsinga sem enn er ósvarað.
 3. **Námskeið.** Þórdís gerði uppkast að kynningarbréfi sem fundarmenn samþykktu og sent var á póstlista Skruddu 1. mars. 36 manns hafa nú forskráð sig. Ragna athugar hvað fyrirlestrarsalur tekur marga með borðum. Þórdís kannar fyrst hjá Lois hvort hún vilji hafa fjöldatakmarkanir. Borgarbókasafn býður í móttöku eftir námskeiðið. Huga þarf að matar- og kaffimálum fyrir hópinn. Biðja þarf fólk skrá sig bindandi skráningu eftir páska. Fundarmenn töldu rétt að gera ráð fyrir grunnþekkingu á lyklun og benda fólki á að nauðsynlegt sé að lesa staðla og formála að Kerfisbundnum efnisorðalykli (3. útg.) og hafa þessi gögn með sér á námskeiðið. Einnig er rétt að benda fólki á viðbótarleefni sem kynnt var á fundinum (sjá lið 6).
 4. **Hreinsunarstarf:** Elísabet er byrjuð að hreinsa út út 692 orð sem ekki eiga þar heima. Gott væri að fá aðstoð við það verk. Ragna talar við Jóhannes.
 5. Frekari námskeiðsundirbúningur, verkefni framundan (byrjun apríl):
 - Draga fram það sem þarf að móta stefnu um
 - Finna dæmi
 - Setja niður nákvæmari dagskrá
 6. Þórdís kynnti nýlegar bækur um gerð efnisorðalykla:
 - Lancaster, F. W. *Indexing and abstracting in theory and practice*. 3rd ed. London, Facet publishing, 2003. ISBN: 1856044823
 - Aitchison, Jean. *Thesaurus construction and use : a practical manual* / Jean Aitchison, Alan Gilchrist, David Bawden. 4th ed. London, Aslib, 2000. ISBN: 0851424465.
 - Cleveland, Donald B. *Introcution to indexing and abstracting* / Donald B. Cleveland and Ana D. Cleveland. 3rd ed. Littleton, Libraries Unlimited, 2001. ISBN: 1563086417
 7. Ragna mun fara með Kerfisbundinn efnisorðalykil á geisladiski til Árna Sigurjónssonar sem setur hann upp á vef Landskerfis.
- Ragna Steinarsdóttir ritaði fundargerð